81 hafi neitað að borga kostnaðinn við þessa vegabót úr bæjarsjóði, af því að hún áleit,
27. ágúst. að þarsem vegabótin væri gjörð á aðalpóstvegi, ætti kostnaðurinn af henni samkvæmt lögum um vegi 10. nóvbr. f. á., 3. gr., að greiðast úr landssjóði, og hafið þjer beiðst úrskurðar míns um, hvort áminnztur vegabótakostnaður verði greiddur úr landssjóði ellegar hann skuli borgast úr bæjarsjóði Reykjavíkur.

Útaf þessu vil jeg tjá yður, að eins og það aldrei hefur verið álitið neinum vafa undirorpið, smbr. dómsmálastjórnarbrjef 10. júlí 1863, að vegatilskipun 15. marz 1861, og vegalög 15. október 1875 næðu ekki til Reykjavíkur kaupstaðar, eins verð jeg að ætla, að hið sama sje um vegalögin 10. nóvbr. f. á., sem eru komin í stað fyrnefndrar tilskipunar og laga, og að því sjerstaklega snertir aðalpóstvegi, virðist það vera augljóst, að ákvæði laganna um þá eigi aðeins við um aðalpóstvegina fyrir utan kaupstaðina, svo er um ákvæði 3. gr., að aðalpóstvegir sjeu undir umsjón amtsráðanna, ákvæði 6. gr., að landshöfðingi ákveði eptir tillögum sýslunefnda, amtsráða og vegfróðra manna, hvar aðalpóstleið skuli liggja um hjerað hvert, og ákvæði 8. gr., að sýslunefndir skuli ráða verkmenn til vegagjörða á aðalpóstleiðum, en bæjarstjórna er hvergi getið. Með því að Reykjavíkur kaupstaður þannig að ætlun minni, eins eptir að optnefnd lög 10. nóvember f. á. öðluðust gildi eins og fyrri, á að bera allan kostnað við vegagjörðir í umdæmi sínu, verður kostnaður sá við vegabót á Öskjuhlíðarveginum, sem hjer ræðir um, ekki greiddur úr landssjóði.

82 **Brjef landshöfðingja** *til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu* **um al-**
31. ágúst. **þingismannskosningu í Norðurmúlasýslu.** — Með því að 1. alþingismaður Norðurmúlasýslu, sýslumaður Einar Thorlacius, hefur sagt af sjer alþingismennsku, vil jeg hjermeð þjónustusamlega skora á yður, herra amtmaður, með skýrskotun til 27. gr. laga um kosningar til alþingis 14. sept. 1877, að hlutast til um að kosning fari fram hið fyrsta á alþingismanni fyrir Norðurmúlasýslu um kjörtíma þann, er Einar sýslumaður Thorlacius átti eptir.

Ef því verður við komið með hægu móti, ætti kosningin að fara fram þegar í haust, en að öðrum kosti eigi fyr en að vori, þó eigi síðar en 1. júní 1889.

83 **Ágrip af brjefi landshöfðingja** *til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu*
13. ágúst. **um reglugjörð fyrir búnaðarskólann á Eyðum.** — Með brjefi þessu staðfesti landshöfðingi nýja reglugjörð fyrir búnaðarskólann á Eyðum, er sýslunefndirnar í Múlasýslunum höfðu samið en amtsráð norður og austuramtsins gjört nokkrar breytingar og viðauka við.

84 **Reikningur**

yfir tekjur og gjöld landsbankans árið 1887, eins og hann er úrskurðaður af landshöfðingja 10. septbr. 1888.

	Tekjur.	Kr.
1.	Í sjóði 31. desbr. 1886	17525,03
	Flyt	17525,03